71 hefir hans hátign konunginum þóknast 8. f. m. eptir allraþegnsamlegastri tillögu ráð-
11. júní. gjafans um málið að fallast á, að ofannefnt lagafrumvarp hljóti ekki konungs staðfestingu.

Þetta er eigi látið hjálíða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

72 **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* út af þingsályktun um toll**
13. júní **á íslenzkum fiski á Spáni.** — Með þóknanlegu brjefi 25. ágúst f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi sent hingað ályktun, er samþykkt var af alþingi á aukaþinginu í fyrra, og er þar fastlega skorað á stjórnina að bæta hið bráðasta úr hinni brýnu nauðsyn landsins með því nú þegar að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess, að tollmunur sá, landinu og verzlun þess í óhag, sem spillir markaðinum á Spáni fyrir fisk þangað fluttan frá Íslandi og þar verkaðan, og sem um undanfarin ár hefur valdið landsbúum ærins fjártjóns, verði sem allrafyrst afnuminn. Þjer hafið um leið mælt hið bezta með því að ráðgjafinn ljeti sjer umhugað um málefni þetta og tekið það fram, að þó að alþinginu hefði verið það kunnugt, að stjórninni væri einkar annt um þetta mál, og að tálmanirnar fyrir því að það næði fram að ganga, hefðu komið úr annari átt, þá hefði það þó, vegna þess hve fjarska-þýðingar mikið mál þetta væri fyrir landið og með tilliti til bænarskráafjölda þess, er um málið höfðu komið til þingsins, álitið, að sjer bæri að láta í ljósi óskir sínar og vonir um að stjórninni mætti takast að koma þeirri skipun á þetta velferðarmál Íslands, er vel mætti við una.

Út af þessu læt jeg eigi hjá líða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, og til þess að þjer getið svarað fyrirspurnum á alþingi, er fram kynnu að að koma, *að* stjórnin aldrei hefur misst sjónar á máli þessu, *að* gjörðar hafi verið, síðan felldur var í ríkisþinginu verzlunar- og siglingasamningur sá við Spán, er fyrir það hafði verið lagður, ýmislegar tilraunir til að bæta úr því óhagræði, er leiddi af því að slíkan samning vantaði, en að þessar tilraunir hefðu orðið árangurslausar, og *að* stjórnin hefði þá von, að henni mundi takast að semja svo við ríkisþingið á næstu samkomu þess, að þetta málefni verði til lykta leitt, svo að við megi una einnig fyrir Íslands hönd.

73 **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um synjun konungsstaðfest-**
13. júní **ingar á frumvarpi til laga um stofnun lagaskóla.** — Með brjefi 16. sept. 1885 sendi þáverandi landshöfðingi Thorberg hingað frumvarp til laga um stofnun lagaskóla á Íslandi, sem komið hafði fram af hálfu þingmanna, og síðan var samþykkt á alþingi 1885.

Með þessu frumvarpi hefur alþingi breytt frá aðferð sinni 1883 til að koma á innlendum lagaskóla, þar sem lagaskólinn þá var tengdur við hinar tvær æðri menntunarstofnanir í Reykjavík, reyndar að eins að ytri álitum, en nú hefur alþingi horfið aptur að þeirri aðferð, sem nokkrum sinnum hefur verið áður höfð, að koma beinlínis fram með frumvarp um stofnun hinnar þriðju menntunarstofnunar í landinu til menntunar löfræðinga.

Munurinn á þessu frumvarpi og frumvarpi því, sem alþingi síðast samþykkti um þetta efni, og sem neitað var staðfestingar með konungsúrskurði 29. febr. 1884 (sbr. ráðgjafabrjef 31. marz s. á.), er að efninu til einungis sá, að hinum fyrirhugaða 2. kennara við skólann eru ætlaðar 2500 kr. í laun í stað 2400 kr., að ráðgjafinn á að semja